

neytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðufsafframleiðslu fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Ufsi	US cent á lb. Cif.
4×6 kg	49.00

Verðbil verður 3% er miðast við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. apríl 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af hafnarsvæðinu
í Njarðvík, Njarðvíkurhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. apríl 1974 staðfest skipulagsuppdrátt af hafnarsvæðinu í Njarðvík, Njarðvíkurhreppi, Gullbringusýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði
og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Eftirtalin efni hafa verið viðurkennd, sbr. reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132, 13. júlí 1971:

Hættuflokkur X: Egodan Parathion 35 EC., plöntulyf. Nicotine Smokean. A., plöntulyf. T-61 ad us vet., aflifunarefni: (aðeins ætlað dýralæknum til aflifunar dýra).

Hættuflokkur A: Lindasect 20, plöntulyf. Tresex Gamma 80, plöntulyf. Matation Na 50 (200 ml), plöntulyf.

Hættuflokkur B: Lindasect Special Ny, plöntulyf. Matation Na 50 (50 ml), plöntulyf.